

## Viðauki IX við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis (nú mennta- og barnamálaráðuneytis) og Myndlistaskólans í Reykjavík

Neðangreindar eru breytingar á þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og barnamálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og Myndlistaskólans í Reykjavík, kt. 460269-4079, dags. 07.05.2015.

### 1. gr.

Gildistími, sbr. 9. gr., samningsins framlengist til 31.12.2022. Framlenging á gildistíma á einnig við um þá viðbótarþjónustu sem skólanum var falið að vinna sbr. viðauka II dags. 01.09.2017.

### 2. gr.

Til viðbótar þeirri þjónustu sem skólinn sinnir nú þegar og fær greitt fyrir skv. grein 2.1. í þjónustusamningi og 1. gr. viðauka II dags. 01.09.2017 skal hann:

- Þjóða upp á nám fyrir nemendur með þroskahömlun sem lokið hafa starfsbrautum í framhaldsskóla. Nemendafjöldi á braut fyrir þroskahamlaða skv. viðauka þessum skal vera að lágmarki sex á hverri önn og að hámarki tíu á hverri önn.
- Viðbótarframlag ríkisins vegna náms fyrir þroskahamlaða fyrir árið 2022 er 5.000.000 kr.
- Verðlagsbætur verða greiddar fyrir nám fyrir þroskahamlaða frá 1. janúar 2022, samtals 500.000 kr.

### 3. gr.

Afturvirkrt frá 1. janúar 2022 verða greiddar verðlagsbætur fyrir það nám hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík sem hefur hingað til ekki fengið verðlagsuppfærslur, sá hlutur hækkar framlag um 4.600.000 kr. á árinu 2022.

### 4. gr.

Gildistími viðauka þessa er frá 1. júlí og skal vera út samningstíma þjónustusamningsins eða til 31.12.2022 sbr. 1. gr.

### 5. gr.

Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Myndlistaskólinn í Reykjavík ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 20.1 og hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík.

6.gr.

Heildarframlag til Myndlistaskólans í Reykjavík er 158.252.850 fyrir árið 2022.

Reykjavík, 31. maí 2022

---

f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis

---

f.h. Myndlistaskólans í Reykjavík